

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2018

2020/EES/6/03

frá 23. mars 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð (ESB) 2017/1940 frá 13. júlí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar innihald og snið dýraræktarvottorða sem gefin eru út fyrir hreinræktuð kynbótadýr af hestakyni og eru í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 36. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/717) í hluta 2.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„37. **32017 R 1940:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1940 frá 13. júlí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 að því er varðar innihald og snið dýraræktarvottorða sem gefin eru út fyrir hreinræktuð kynbótadýr af hestakyni og eru í einkvæmu auðkennisskírteini til lífstíðar fyrir dýr af hestaætt (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 1).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1940, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.